

Hugmynd af texta

Hvatningarverðlaun fræðslumálaráðs Ísafjarðarbæjar

Hverjir: Kennari, kennarahópar- teymi og starfsmenn í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskóla, félagsmiðstöðum og dægravöl í Ísafjarðabæ.

Markmið: Hvetja og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi í skólasamfélaginu. Vekja athygli á því gróskumikla og mikilvæga starfi sem unnið er í Ísafjarðarbæ í fræðslumálum. Verðlaunin eru viðurkenning fyrir vel unninn störf í þágu nemenda, foreldra og sveitarfélagsins, staðfesting á því að starfið sé fyrirmynd annarra og hvatning til góða verka.

Hvatningarverðlaunin eru hluti af því að auka jákvæða umfjöllun um skóla- og frístundastarf sem fram fer í Ísafjarðabæ.

Svör við fyrirspurn:

Grindavíkurbær:

Við settum þetta í gang í fyrsta skipti á síðasta ári og notuðum marga mánuði í undirbúning að reglum um þetta sem fór í umfjöllun í fræðslunefnd í nokkur skipti.

Reglurnar segja flest um þetta. Þegar við auglýstum eftir tilnefningum komu ellefu að mig minnir. En það skondna var að flestar snérist um sama verkefnið. Í heildina voru það fjögur verkefni sem voru nefnd í tilnefningunum.

Við báðum um rökstuðning fyrir tilnefningunni og út frá þeim rökum og svo upplýsingum sem við fengum var tekin ákvörðun um hvaða verkefni fengi hvatningaverðlaunin og fræðslunefnd sammæltist um rökstuðning fyrir vali sínu.

Það er enginn gátlisti til að yfirfara, heldur lagt mest upp úr að verkefnið sé til fyrirmyndar, eftirbreytni og að það sýndi sig að umrædd verkefni voru kynnt í öðrum skólum og aðrir höfðu komið í skólana til að kynna sér verkefnið.

Síðan var hátíð, tilnefningar kynntar og veittar viðurkenningar.

Þetta er textinn í verklagsreglum okkar

Reykjanesbær:

Við höfum verið að þreifa okkur áfram með hvatningarverðlaunin og erum enn að leita að „bestu“ leiðinni í þeim efnum.

Við höfum auglýst eftir ábendingum um áhugaverð skólaverkefni, í staðbundnum miðlum, hjá foreldrafélögum og leik- og grunnskólum og tónlistarskólanum.

Fjölmargar ábendingar berast ár hvert, í kringum 20-30.

Það eru síðan kjörnir aðal- og varafulltrúar í fræðsluráði sem velja hvaða verkefni hljóta hvatningarverðlaunin. Það er gert með atkvæðaseðli þar sem merkt er við 5 verkefni (1-5 stig).

Eitt verkefni fær hin eiginlegu hvatningarverðlaun (100 þúsund kr. peningaverðlaun) og vakin er athygli á 2-3 öðrum verkefnum. Þetta er gert við hátíðlega athöfn í lok skólaárs.

Það sem við viljum hins vegar breyta er að bæta vinnuna við sjálft valið, þannig að fulltrúar í fræðsluráði kynni sér betur verkefnin, gefum þeim meiri tíma og rúm til þess að eiga samtál um verkefnin. Einnig að tryggja betur að áhugaverðustu verkefnin séu með í upphafi, í ábendingarbunkanum. Það væri hægt með því að óska eftir 2-3 ábendingum frá hverri stofnun. Í ár komu t.d. mjög fáar ábendingar úr leikskólunum en þar voru samt mjög áhugaverð verkefni í gangi.